



Bjarni Benediktsson til Thor Thors og kosningabæklingur

Bjarni Benediktsson – Thor Thors - kosningabæklingur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 19. febr. 1946.

Góði vinur !

Ég byrja með að þakka þér skeytið, sem ég fékk frá þér á dögunum. Þótti mér það fljótt í förum, enda þótti mér vænt um að fá það. Þá þakka ég ykkur hjónum kærlega fyrir síðast og vona að ykkur líði vel.

Efni bréfsins er það, að Jón Axel Pétursson hefir beðið mig sem kunningja þinn að vita, hvort þú gætir greitt fyrir honum í máli því, sem meðfylgjandi plögg fjalla um. Kjarni málsins er sá, að Jón telur sig hafa átt rétt á björgunarlaunum, en fram á þau hafi hann ekki viljað fara ýmissa orsaka vegna. Honum hefir þó fundist, að honum bæri meira en orðin ein í verðlauna skyni fyrir frækilegt starf og þess vegna skrifað bréfið 29. sept. '45. Við því hefir hann ekki fengið neitt svar. Beiðni okkar er sú, hvort þú gætir, ef þú hefir aðstöðu til, ýtt á stjórnvöld vestra og hlutast til um, að Jón fengi hæfilega þóknun. Þú þekkir best, hvað í þessu er hægt að gera, en ég vildi eindregið mæla með, að þú tækir málið upp á viðeigandi hátt, ef þú telur það hafa nokkra þýðingu.

Þú færð annarsstaðar að almælt tíðindi héðan og skrifa ég þau þess vegna ekki. En í vanda þeim, er í haust steðjaði að og enn er óvíst um, hvernig endar, saknaði ég þess mjög, að ekki var hægt að hafa við þig fult samráð, ekki síst þar sem ég hygg, að skoðanir okkar hafi þar fallið nokkuð saman.

Slæ botninn í þetta. Óska þér og þínu fólki alls góðs. Með bestu kveðjum.

Þinn einlægur

Til Thors Thors

11

Bjarni

Reykjavík 2. janúar 1946.

Áttvört: samborgari.

Þið hefur björtumabilsins leyfi og mér at senda yður kvættu
 mína og þakka þyri samstarfið á s.l. 4 árum. Ég og sam-
 starfsmenn mínir höfum verið störfuð okkar at stjórna bejara-
 ins í umboði yðar. Við höfum reynt at gera okkar besta. Nú kvættu
 þeir upp dönn yðar og reynt til oss, hvernig skuli fara með
 stjórna ins næsta 4 ár. Þeir björtu at gjalfrögðu þá, sem þeir
 kvættu best. En vegna reguleira minna leyfið mér þó at líta upp,
 at vit stjórna bejara ins þarf at halda, ~~í áttu~~ samstarfi sem allra-
 flestra borgara. Slikt samstarf verður best kvætt með rígi störfuð flokka
 ins, Sjálfstæðis flokka ins, en listi þess er D- listi. Með bestu kvættu

Bjarni Benediktsson

BJARNI BENEDIKTSSON

BORGARSTJÓRI

Reykjavík marz 1942

Hið hvít: samborgari!

Segna þess frests, sem varð á
boja stjórnanboðingunum, hefi
tekið at skýra málin frá öllum
hlitum fyrir ytu og ötrum
Reykjavíkingum. Ég skrifa ytu
þessa linnu sígi til at hafa
áhrif á dönn ytu um stjórn
boja málefna. Um hana
vert: þ þeir sjálfur at danna at
ferðum öllum epplysingum.
Met þessu bréfi: minn vilði eg
at einu skora á ytu at hana
og bjosa á björðag. Þeir,
sem stjórna hana, sakja um-
bot ritt til ytu og annara

bjósenda, og á yður bitnar, hvort
vel eta illa er stjórnat. Þess vegna
megit þeir alls-þeki láta undir
höfund leygjast at neyta atkvæðis-
réttan yður. Eða bygnum þeir
eftir á at þarfatsaka sjálfan
yður um, at vegna vanhvirta
yður hefti: sá verit kosnum,
sem þeir sist vildu. Slitt er
annat mál, at persónulega er
ég samfært um, at af allir
borgarar þegarins meta fyrst
met gerhygli framkomu: gögn
og danna ritan met atkvæðis-
sinu um stjórn þegarins, þá
er. Sjálfstetismann vissir
um sígan, en list: þeirra
er D.-list: um.

Virtingun þykt

Bjarni Benediktsson

Eg hef geymt þetta bréf síðan í vetur,
eg hef alltaf búist við að eitthvað af þessum
fallegu loforðum yrði efnt. Eg sé ekki fram
á að við fáum neitt frá yður nema þetta ógeðs
lega smjatt og svívirðingar á samborgarana.
Þer eruð líklega óbreyttur frá því á Siglufirði.
Þá voruð þér eins og naut í flagi og vilduð
aldrei rétta neins manns hlut og þér eruð eins e
enn. Eg veit ekki hvað lengi yður tekst að
blekkja og lifa á lygum, en Bjarni það kemur
að skuldadögum hjá yður eins og okkur öllum
hinum, og þá væri gott að eiga vináttu og hlyjar
hugsanir frá einhverjum smælingjanna, sem oft
hafa fundið til undir yðar stjórn, og eg segi
gætið yðar og hættið að vera ~~þakkláttur~~ ódrengur.
Gerið ekki föður yðar meiri skömm og skapraun
en þer eruð búinn og dóttir Ólafs vill yður
ekki á meðan þér eruð eins og mannygur tarfur.

Kjósandi